

**Umsagnir hverfisráða Reykjavíkurborgar
um tillögu um stofnun hverfissjóðs, dags. 26.
september 2017**

Reykjavík, 1. desember 2017

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara
Ráðhúsi Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Stofnun hverfissjóðs – samráð við hverfisráð

Hverfisráð Árbæjar – umsögn meirihluta

Neðangreind umsögn barst frá meirihluta í hverfisráði Árbæjar:

Hverfisráð Árbæjar fagnar fyrirhugaðri stofnun Hverfissjóðs. Nauðsyn er að koma á fót sjóði sem styrkir framtak íbúa, einstaklinga og félagasamtaka í einstökum hverfum og að hverfisráð komi að úthlutun úr slíkum sjóði. Úthlutunarreglur sjóðsins ætti að taka mið af þörfum íbúa og grasrótarhópa innan hverfa almennt. Í því sambandi má nefna reglu í fyrri hverfissjóði sem kom í veg fyrir að sótt væri um styrk í sama verkefni oftar en einu sinni. Í flestum hverfum er lögð áhersla á að byggja upp hefðir eins og hverfishátíðir íbúasamtaka meðfram öðrum einskisverkefnum. Þessi regla kemur í veg fyrir uppbyggingu slíkra hefða. Mikilvægt er að treysta hverfisráðunum í þessu samhengi en þau eru vel til þess fallin að meta hvaða þarfir eru til staðar í borgarhverfum hverju sinni og hvað skynsamlegt er að leggja áherslu á þegar félagsauður hverfanna er annars vegar. Að lokum er mikilvægt og sjálfsagt að fjármagn það sem hvert hverfisráð hefur yfir að ráða í gegnum sjóðinn taki að einhverju leyti mið af íbúafjölda hverfisins.

Þorkell Heiðarsson
Hildur Hrönn Oddsdóttir
Þráinn Árni Baldursson

**Skrifstofa borgarstjóra
Borgarritari
Tjarnargata 11
101 Reykjavík**

Reykjavík, 29. nóvember 2017

Efni: Bókun hverfisráðs Breiðholts

Á 145. fundi hverfisráðs Breiðholts þann 28. nóvember var erindi frá borgarritara, dags. 1. nóvember 2017, varðandi tillögu um stofnun hverfissjóðs tekið fyrir. Eftirfarandi bókun var samþykkt:

Hverfisráð Breiðholts lítur tillögu um stofnun hverfissjóð mjög jákvæðum augum. Ráðið telur brýnt að það fjármagn sem verður til úthlutunar úr sjóðnum endurspegli hlutfallslegan fjölda íbúa eftir hverfum.

F.h. hverfisráðs Breiðholts,
Arnar Snæberg Jónsson,
verkefnisstjóri á Þjónustumiðstöð Breiðholts

Reykjavík, 22. nóvember 2017

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara
b.t. Stefáns Eiríkssonar
Ráðhúsi Reykjavíkur – Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Stofnun hverfissjóðs – Samráð við hverfisráð

Hverfisráð Grafarvogs – umsögn

Erindi frá ykkur var lagt fyrir ráðið. Eftirfarandi umsögn var gerð á fundinum:

Lagt var fram bréf borgarritara, dagsett 1. nóvember 2017, um stofnun hverfissjóðs – Samráð við hverfisráðs.

Eftirfarandi umsögn var gerð frá hverfisráði Grafarvogs:

Hverfisráð Grafarvogs fagnar því að stofnaður verður hverfissjóður.

*Miðgarður
Þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness
Gylfaflöt 5
112 Reykjavík
Sími 411-1400*



Reykjavíkurborg



Þjónustumiðstöð
Laugardals & Háaleitis

Reykjavík, 21. nóvember 2017.

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

b.t. Stefáns Eiríkssonar

Ráðhúsi Reykjavíkur – Tjarnargötu 11

101 Reykjavík.

Á 161. fundi Hverfisráðs Háaleitis- og Bústaða, sem haldinn var 20. nóvember 2017 var lagt fram bréf dags. 1. nóvember 2017 um stofnun sérstaks hverfissjóðs.

Hverfisráð samþykkti svohljóðandi bókun:

Hverfisráð tekur jákvætt í tillöguna og lýsir sig reiðubúið til nánara samráðs við stjórnkerfis – og lýðræðisráð um umfang sjóðsins og úthlutunarreglur.

Þessu er hér með komið á framfæri.

F.h. Hverfisráðs Háaleitis- og Bústaðahverfis

Sigtryggur Jónsson,

Reykjavík 29.11. 2017

Berist skrifstofu borgarstjóra og borgaritarara.

Umsögn frá Hverfisráði Hlíða við erindi skrifstofu borgarstjóra og borgaritarara dagsett 1. 11. 2017 um stofnun hverfissjóðs – samráð við hverfisráð.

Hverfisráð Hlíða þakkar fyrir framtakið og tekur afar jákvætt í þau áform að stofnaður verði nýr Hverfissjóður. Úr eldri Hverfissjóði Reykjavíkur sem nú er að klárast hafa mörg áhugaverð og góð verkefni í hverfinu fengið styrk og því afar mikilvægt að koma á fót öðrum sjóði sem getur áfram stutt við framtak íbúa og frumkvæði. Hverfisráð leggur til að fyrri úthlutunarreglur verði til hliðsjónar en þó er þörf á breytingum á þeim og uppfærslu, í eldri reglum er talað um að ekki megi styrkja sama verkefni tvisvar en hverfishátíðir munu þurfa að sækja um í sjóðinn og þær eru oft haldnar árlega. Einnig þarf að skoða hvernig greiðslum úr sjóðnum er háttað, skipting á greiðslum, svo að það nýtist umsækjendum og geri þeim kleift að framkvæma verkefni.

Skoða verður sérstaklega hvernig sjóðurinn skiptist á milli hverfa að teknu tilliti til stærðar hverfa, íbúafjölda og innri skiptingu á milli hverfahluta. Hverfisráð óskar eftir að samráð verði haft við Hverfisráð við nánari útfærslu á úthlutunarreglum og upphæð í sjóðnum en mikilvægt er að auka fjármagn í sjóðinn frá því sem áður hefur verið til þess að hann geti betur sinnt hlutverki sínu og haldi áfram að efla hverfisvitund, styrkja íbúafrumkvæði í hverfum og frumkvöðlastarf.

Fyrir hönd Hverfisráðs Hlíða,
Margrét M. Norðdahl formaður

Reykjavík, 22. nóvember 2017

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara
b.t. Stefán Eiríkssonar
Ráðhúsi Reykjavíkur – Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Stofnun Hverfissjóðs – samráð við hverfisráð

Hverfisráð Kjalarness

Erindi frá ykkur var lagt fyrir ráðið á fundi í hádeginu í dag. Eftirfarandi umsögn var gerð og skrifað í fundargerð:

Lagt var fram bréf frá borgarritara, dagsett 1. nóvember 2017, um stofnun hverfissjóðs – Samráð við hverfisráð.

Eftirfarandi umsögn var gerð af hverfisráði Kjalarness:

Hverfisráð Kjalarness fagnar því að stofnaður verði sjóður sem styrkir hverfistengd verkefni með það að markmiði að efla mannlíf í hverfum borgarinnar með margvíslegum hætti og fegra umhverfið. Enn fremur er það fagnaðarefni að úthlutun eigi að fara fram á vegum hverfisráðanna. Hverfisráð Kjalarness bendir á að þrátt fyrir að Kjalarnes sé fámennt samanborið við önnur hverfi borgarinnar er það víðfermt og byggðin dreifð. Óskað er eftir að þessar aðstæður verði hafðar í huga við skiptingu fjár milli hverfa.

*Miðgarður –
Þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness
Gylfaflöt 5
112 Reykjavík
Sími 411-1400*



Reykjavíkurborg

Þjónustumiðstöð
Laugardals & Háaleitis

Reykjavík, 29. nóvember 2017.

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara
Stefán Eiríksson, borgarritari
Ráðhúsi Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík


Á158. fundi hverfisráðs Laugardals sem haldinn var 27. nóvember 2017 var tekið fyrir erindi frá borgarritara um tillögu um stofnun hverfissjóðs.

Lögð var fram svohljóðandi bókun:

Hverfisráð Laugardals tekur jákvætt í tillögu um stofnun sérstaks hverfissjóðs og leggur til að hafðar verði til hliðsjónar úthlutunarreglur Forvarnarsjóðs velferðarsviðs þegar skipting fjármagns milli hverfa verður ákveðin. Hverfisráð lýsir sig reiðubúið til frekara samstarfs um útfærslu og úthlutunarreglur.

Þessu er hér með komið á framfæri

F.h. hverfisráðs Laugardals


Sigtryggur Jónsson, framkvæmdastjóri

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara
Sandra Dröfn Gylfadóttir

Á fundi hverfisráðs Grafarholts og Úlfarsárdals sem haldinn var þann 27. nóvember 2017 var eftirfarandi bókun gerð:

„Hverfisráð Grafarholts og Úlfarsárdals fagnar tillögu stjórnkerfis- og lýðsræðisráðs samanber bréf frá borgarstjóra og borgarritara dags. 1. nóvember sl. um að stofnaður verði hverfissjóður. Æskilegt er að sjóðurinn sé öflugur svo að hann geti sinnt því hlutverki að styðja við félagsauðsverkefni í hverfum. Æskilegt er að hægt verði að veita styrki úr sjóðnum hið minnsta tvisvar á ári,,

Reykjavík 6. desember 2017.

Virðingarfyllst,
f.h. hverfisráðs Grafarholts og Úlfarsárdals,

Sólveig Reynisdóttir, framkvæmdastjóri
Þjónustmiðstöðvar Árbæjar og Grafarholts

Reykjavík, 7. desember 2017

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara
Ráðhúsi Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Stofnun hverfissjóðs – samráð við hverfiráð

Hverfiráð Miðborgar - umsögn

Hverfiráð miðborgar tekur vel í hugmyndir um stofnun hverfissjóðs. Ráðið vill þó benda á að þrátt fyrir að stofnaður hafi verið sérstakur miðborgarsjóður þá er áhersla þess sjóðs ekki beint á stuðning við verkefni sem beinast að íbúum hverfisins og málefnum þeirra en hefur mun víðtækara hlutverk. Mikilvægt er að íbúar og verkefni sem tengjast beinlínis málefnum þeirra tynist ekki og að þeim sé gert jafnhátt undir höfði og íbúum annarra hverfa.